

Frumvarp til laga

um

breytingu á tollögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

1. gr.

1. gr. tollaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landsjóðs þannig:

1. Af alls konar öli kr. 0,10 af hverjum mæli (lítra)
2. Af alls konar brennivini, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum með 8° styrkleika eða minna — 1,00 - — —
yfir 8° og alt að 12° styrkleika... .. — 1,50 - — —
yfir 12° og alt að 16° styrkleika — 2,00 - — —
Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvini og sams konar borðvínnum (eigi freyðandi), svo og af messuvini... .. — 0,50 - — —
4. Af öllum öðrum vinföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) — 1,00 - — —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — ¹/₄ mæli 5 eða minni ilátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ilátum.
Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ilátum, sem rúma minna en mæli, skal greiða sama gjald af hverjum ³/₄ mælis sem af mæli í stærri ilátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, nef-tóbaki og óunnu tóbaki kr. 2,00 af hverri vog (kg.)
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósnum, sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar	26	aura af hverri vog
9. Af alls konar brendu kaffi	36	— — — —
10. Af sykri og sírópi.	13	— — — —
11. Af tegrasi... ..	100	— — — —
12. Af súkkulaði..	50	— — — —
13. Kakaódufti..	26	— — — —
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum	80	— — — —

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru undir 6.—14. lið, ber að reikna tollinn hlutfallslega af brotum úr tolleiningu.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða, enda sé skipsforðinn eigi meiri en ætla má að nægi, eftir því sem tíðkast hefir. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tolllaganna skal hljóða svo: Um fastar verzl-anir gilda þó fyriræli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugæymslu og tollgreiðslu-frest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurn-ar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tolllaganna: »töluliðunum 8—14« komi: tölulið-unum 6—14.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tolllaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort send-ingin hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tolllaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartiðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tolllaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tollög fyrir Ísland.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á tollögunum, sem frumvarp þetta fer fram á, eru sama efnis eins og frumvarp það, sem skattanefndin frá 1907 samdi; þó eru tollákvæðin hin sömu, sem fyrst um sinn voru ákveðin með lögum 31. marz 1909, og enn fremur hafa verið gerðar þessar breytingar.

Vegna þess að lögin um metramæli og vog hafa gengið í gildi, er þyngd og rúmmáli breytt samkvæmt þeim. Nú er þyngdareiningin er orðin tvöfalt stærri en áður, hefir ákvörðuninni um að fella skuli burtu að tolla $\frac{1}{2}$ tolleiningu verið breytt; þegar tollurinn á vindlum t. d. er kr. 5.20 á vog, gæti þetta ákvæði leitt menn til þess að fara í kringum lögin með því að láta senda sér vöruna í smáum sendingum. Þess vegna er stungið upp á, að reikna skuli tollinn hlutfallslega af brotum úr tolleiningu.

Tjllaga skattanefndarinnar um toll af sóðavatni og gosdrykkjum hefir ekki verið tekin í frumvarpið, þar sem tollurinn naumast mundi verða tekjugrein, sem neinu næmi, en yrði hár verndartollur fyrir tilbúning á þeim drykkjum innanlands. Hins vegar er ekki aðgengilegt, þegar aðflutningsbannið á áfengum drykkjum stendur fyrir dyrum, að reisa skorður við aðflutningi óáfengra drykkja.

Tollurinn á kaffi og sykri hefir verið fyrst um sinn ákveðinn eins og hann er nú.

Að lokum hefir verið sett inn í frumvarpið ný grein (6. gr.) um að lögin öðlist gildi þegar.

Þótt lagafrumvarpið í þessari mynd ekki feli í sér verulegar breytingar, ber samt nauðsyn til að leggja það fyrir þingið, þar sem tollákvæðin í lögnum frá 1909 gilda að eins »þangað til annari skipun verður komið á skattamál landsins«, og vafi getur leikið á því, hvort lögin séu í gildi, ef nokkrum hluta af skattalöggjöfinni er breytt, þá hefir verið álitid nauðsynlegt, að ný tollög kæmi í staðinn fyrir bráðabirgðatolllögin.

Um áhrifin sem frumvarpið mundi hafa á fjárhaginn má segja, að eftir útreikningum skattanefndarinnar átti heanar frumvarp að auka tekjurnar árlega um hérumbil 103,000 kr. (þegar innheimtulaun eru frá dregin). Alþingi 1909 hækkáði tillögur skattanefndarinnar að miklum mun, og þótt það minki neyzluna töluvert í fyrstunni, má ganga að því visu, að tekjuaukinn verði ekki minni, en skattanefndin áætlaði, eða hér um bil 103,000. En verulegur hluti þess kæmi á áfenga drykki, og eftir að bannlögin eru komin í gildi félli sá tekjuauki burtu; en fyrir utan það, að tollhækkunin á áfengum drykkjum mun hafa mikil áhrif á þessu ári vegna væntanlegs aðflutnings, mun hún einnig verða að liði næsta fjárhagsbil, þar sem vænta má að mikið af vínfangatolli verði greitt fyrra árið eftir lögum nr. 53, 16. nóvbr. 1907, af vínföngum, sem voru innflutt árinu áður. Á komandi fjárhagsbili má vænta að hinar auknu tekjur frá tollhækkuninni verði að meðaltali 103,000 kr. á ári, ef líkt er við tolltekjurnar á undan aprilmánuði 1909, þegar nügildandi tollákvæði urðu að lögum.

Um leið og stjórnin samtímis þessu frumvarpi leggur fyrir 3 önnur lagafrumvörp, sem ætlað er að hækki á tekjurnar á þessa leið:

Aukatekjur um	18,000 kr.
Erfðafjárskattur um... ..	4,000 —
Vitagjald um... ..	10,000 —
	Samtals 32,000 kr.
og þar við bætast eftir tollögunum... ..	103,000 —

verður allur tekjuaukinn, sem stjórnin stingur upp á að verði leiddur í lög, samtals 135,000 kr. á ári.

Landsreikningarnir fyrir árin 1908 og 1909 sýna, þegar þeim tekjuauka, sem fengist hefir með að taka lán, er haldið er fyrir utan reikninginn — tekjuhalla sem er minni en 200,000 kr., það verða tæpar 100,000 kr. á ári. Á fjárhagsbilinu gengu hér um bil 350,000 kr. til að leggja og kaupa ritsímalínur; fjárhæðin er talin í útgjöldum fjárhagsbilsins. Með 135,000 kr. tekjuauka á ári, eins og nú er stungið upp á, hefði fengist nægilegt upp í tekjuhallann, þrátt fyrir öll hin miklu aukaútgjöld til ritsímafyrirtækja, sem gefa vöxtu. Þetta er eins rétt fyrir því, þó að tollhækkunin væri í gildi 9 mánuði af árinu, því hún hefir ekki haft sérleg áhrif þá, vegna þess, að sum ákvæðin í hækkuninni voru mjög há, en reynslan hefir jafnan sýnt, að háir tollar minka kaupin á vörunni framan af. Fjárlagafrumvarpið fyrir næstu ár er lagt fyrir í því formi, að tekjuhallinn er næstum enginn.

Þótt þessar tölur bendi ekki til, að þörf sé á meiri tekjuauka en hér er farið fram á, þá blandast þó engum hugur um, að mörg útgjöld hækka stöðugt, og að afborganirnar af lánum landssjóðs íþyngja fjárhagnum, en á hinn bóginn verður ekki búist við tekjum af áfengistollinum lengur en tvö næstu ár. Þar sem stjórnin álitur brýna nauðsyn á því, að sem minst muni á tekjum og gjöldum, verður hún að geyma sér rétt til að koma með nýtt frumvarp til meiri tekjuauka, ef samþykktar verða í fjárlögum eða aukafjárlögum fjárveitingar, sem hafa töluverð útgjöld í för með sér. Stjórnin hefir þess vegna tekið málið um nýja skatta til rækilegrar ihugunar, og gert sér far um að láta þingið hafa svo mikið úr að viðá og velja, er leiða skal í lög nýja skatta, að vel megi við hlíta, auk þess sem lagt verður fyrir þingið álit skattanefndarinnar og frumvörp hennar til beinna skatta og stjórnin hefir látið vinna að frumvarpi til tollaga í sömu stefnu, sem líkleg þótti á síðasta þingi. Sömuleiðis hefir verið leitað álits um kost og löst á ýmislegu tollfyrirkomulagi, svo að það mál mun einnig verða lagt fyrir alþingi upplýst frá ýmsum hliðum.

Að stjórnin ekki leggur fyrir þingið frumvörp skattanefndarinnar til nýrra beinna skatta, kemur sumpart af því, að almenningsur nú sem stendur er mótfallinn nýjum beinum sköttum, og sumpart af því, að það sýnist vera of langt farið í breytingum, að umsteypa alla beina og óbeina skatta í einu, bæði til landssjóðs og hreppa. Jafnframt því, sem viðurkent er, að beinu skattarnir þurfi umbóta verður þó að geyma næsta alþingi, að koma fram með umbótafrumvarp í þá átt.